

Alþingi
Erindi nr. P 138/210/
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK



Fasteignaskrá Íslands

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300 | Fax 515 5310
fasteignaskra@fasteignaskra.is | www.fasteignaskra.is

Reykjavík, 5. maí 2010
Tilvísun: 10040302/04.00/MH


Efni: Frumvarp til laga um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands.

Fasteignaskrá Íslands hefur verið veittur kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum til frumvarps til laga um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands, þskj. 895, 508. mál.

Aðdragandinn að frumvarpi þessu var sá að með lögum nr. 98/2009 voru málaflokkar Fasteignaskrár Íslands, fasteignaskráning og ákvörðun fasteignamats flutt frá fjármálaráðuneytinu til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Eins og fram kemur í frumvarpinu hefur undirbúningur þess verið unnin í nánú samstarfi starfsmanna stofnunarinnar, dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og Þjóðskrár. Það er mat allra framangreindra að með sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands megi ná fjárhagslegri hagkvæmni og skráarhald þjóðskrár og fasteignaskrár á einni hendi sé til þess fallið að auka framþróun í skráarhaldi.

Með vísan til þess styður Fasteignaskrá Íslands framgang frumvarpsins og leggur áherslu á afgreiðslu þess á yfirstandandi þingi.

F.h. Fasteignaskrár Íslands


Margrét Hauksdóttir
aðstoðarforstjóri